



Efri mynd: Horft til SA yfir eldkeiluna Snæfellsjökul. Toppígurinn er hulinn jökli, sem nær hæst í um 1430 m y. s. Þrír tindar úr súru bergi, sem nefnast Jökulþúfur, rísa upp úr barmi gígskálarinnar að suðaustan. Stærsta jökultungan, Blágilsjökull, skríður um skarð norðvestur úr megingígnum (sem er afmarkaður með brotinni línu) niður í 640 m hæð. Mest hefur ísþykktin í gígnum verið mæld um 70 m og um 100 m utan hans, en jökultungan norður út skálinni gæti einhvers staðar reynst þykkari. Tveir angar Hólatindajökuls, nyðri og syðri, falla að vestanverðu við gígskálina niður í 1000 m hæð. Norðan Sandfells hafa hrauntaumar runnið niður í átt að Giljatungum. Við rýrnun jökulsins kemur æ betur í ljós rauðagjallsgígur suðvestan við aðalgíg eldkeilunnar; toppur hans (1442 m) er ein Jökulþúfanna (neðri mynd). – *The stratovolcano Snæfellsjökull*. Texti:/Text. Helgi Björnsson. Photo:/Ljósm. Snævarr Guðmundsson.